

## 115. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 30. nóvember 2020 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður

Einar Brandsson varaformaður

Helgi Pétur Ottesen

Björn Guðmundsson

Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri

Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

### 1) Vistunarmál

Samþykkt vistun fyrir sex einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

**Staða á biðlistum 26.11.2020:**

Hjúkrunarrými: 28 einstaklingar.

Dvalarrými: 14 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 27 einstaklingar.

### 2) Fjárhagsáætlun 2021

Samkvæmt framlagðri áætlun fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir að rekstrartekjur Höfða nemi 1.126,4 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta nemi 1.127,3 mkr. Afskriftir nemi 25,8 mkr. og fjármagnsliðir nemi nettó 13,8 mkr. Tap af rekstri nemur 40,6 mkr. Handbært fé til rekstrar nemi 2 mkr., fjármögnunarhreyfingar nemi 17,9 mkr. Lækkun á handbæru fé nemur 19,9 mkr. og að handbært fé í árslok verði 139,1 mkr.

Lögð fram til seinni umræðu ásamt greinargerð framkvæmdastjóra og samþykkt.

### 3) Fjárhagsáætlun 2022-2024

Lögð fram til seinni umræðu og samþykkt.

### 4) Samkomulag um færslu bókhalds Höfða

Tillaga um endurnýjun á samkomulagi við Akraneskaupstað um færslu á bókhaldi Höfða.

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu.

### 5) Sérhæfð dagdvalarrými

Tillaga um að fela framkvæmdastjóra að sækja um til heilbrigðisráðherra að Höfði fái heimild til að breyta 5 almennum dagdvalarrýmum í 5 sérhæfð dagdvalarrými fyrir heilabílaða.

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu.

174

**6) Samkomulag um samstarf vegna COVID deildar**

Samkomulag um samstarf um mönnun sérstakrar deildar fyrir COVID smitaða íbúa tuttugu hjúkrunarheimila sem eru aðilar að samkomulaginu. Höfði er aðili að samkomulaginu. Lagt fram.

**7) Starfsmannamál**

- a) Trúnaðarmál  
Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

Elsa Lára Arnósdóttir  
Olína Teyfjörð Gunnarsd.

Einur Brautssótt

Guðm. Manass.

Jelgi Pétur Otter

Björn Guðmundsson

Vinur Vinur